

Fimmtudaginn 24. september 1998.

Nr. 170/1998.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)
gegn

Eyþóri Gunnarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán. Hlutdeild. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 16. apríl 1998. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þvingd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst þess, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Héraðsdómi er ekki áfrýjað, að því er varðar aðra ákærðu.

Með vísan til þess, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er refsing ákærða þar hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Með verknaði sínum rauf ákærði skilorð dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 23. janúar 1997, þar sem honum var meðal annars gert að sæta varðhaldi í 60 daga, skilorðsbundið í tvö ár, en í þeim dómi var dæmd upp refsing samkvæmt dómi sama dómstóls 20. sama mánaðar, þar sem ákærði var dæmdur í 30 daga varðhald, jafnframt skilorðsbundið í tvö ár. Brot ákærða, sem um ræddi í þeim málum, voru gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og nánar tilteknum ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Ákærði var 17 ára, þegar hann framdi brotið, sem hann er nú sakfelldur fyrir. Svo sem nánar greinir í héraðsdómi, fólst verknaður hans í hlutdeild í ránsbroti tveggja annarra, sem ákærðir voru í málinu. Ákærði gekkst við broti sínu fyrir dómi. Hann hafði neytt fíkniefna um nokkurn tíma, þegar það var framið. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hefur ákærði nú látið af þeirri neyslu og stundar vinnu. Þegar þessara atriða er gætt, eru ekki næg efni til að láta fyrrgreint skilorðsrof ákærða leiða til

þess, að hann, einn ákærðra í málinu, sæti refsingu, sem ekki verði bundin skilorði. Má því fresta fullnustu refsingar ákærða, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu þessa dóms, ef hann heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, og hlíti jafnframt á skilorðstímanum sérstökum skilyrðum 1. tölul. og 3. tölul. 3. mgr. fyrrnefndu greinarinnar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eyþór Gunnarsson, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu þessa dóms, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, og hlíti jafnframt á skilorðstímanum sérstökum skilyrðum 1. tölul. og 3. tölul. 3. mgr. fyrrnefndu greinarinnar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 1998.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. janúar sl., gegn ákærðu, Eyþóri Gunnarssyni, kennitala 200280-6369, Dvergaborgum 8, Reykjavík, ... „fyrir eftirtalin auðgunarbrot, framin árið 1997 í Reykjavík:

— — —
 gegn ákærðu Eyþóri og F fyrir hlutdeild í ráni með því að leggja á ráðin um það ásamt meðákærðu H og K, fara með þeim í bifreið á vettvang, bíða á lengdar, á meðan þeir frömdu ránið, ákærðu bæði þegið af þýfinu og ákærði Eyþór falið hluta þess á heimili sínu.

Telst þetta varða við 252. gr., sbr. 1. og 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Þá krefjast eftirgreindir aðilar þess, að ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta, sem hér er rakið:

2.

Ákærðu H og K hafa játað sakargiftir í II. kafla ákæru og kveða mála-vöxtum þar rétt lýst að því undanskildu, að hinn síðarnefndi neitar því, að hnífnum hafi verið beint að andliti Hólmsfríðar umrætt sinn. Þeir félagarnir hafi beðið konuna að opna peningakassann og hún gert það að beiðni þeirra. Hann segir, að meðákærði hafi verið með hníf inni í búðinni, en hann hafi ekki haldið honum á lofti, heldur meðfram síðunni. Hann heldur því einnig fram, að engum ógnunum hafi verið beitt og af hálfu verjanda hans er á því byggt. Að öðru leyti kveður hann atvikum rétt lýst í þessum kafla ákæru.

Ákærðu voru yfirheyrðir við rannsókn málsins og meðferð þess. Þeir skýrðu svo frá, að þeir hefðu hist á Langholtsvegi 169 þetta kvöld. Ákærði H kvað K ... hafa fyrr um kvöldið stungið upp á því, að þeir rændu þessa „sjoppu“, þeir hafi verið peningalausir og vantað peninga fyrir vímuefnum. Ákærði K kvað þá hafa ákveðið þetta í sameiningu þetta kvöld. Þeir hafi hist á Langholtsveginum. Þar hafi ákærðu Eypór og F verið og ákveðið að fara með þeim í þessa ránsferð. Eypór hafi útvegað hníf, lítinn steikarhníf með skafti. Ákærði K var á bifreið föður síns. Um kvöldið var ekið að búðinni og bílnum lagt við gatnamót Gnoðarvogar og Nökkvavogar. Ákærðu Eypór og F biðu í bílnum, en ákærðu K og H fóru út og voru drykklanga stund fyrir utan og biðu færís að ráðast til atlögu. Höfðu þeir áður ákveðið með sér verkaskiptingu. Við rannsókn málsins er haft eftir ákærða K, að H hafi átt að „halda afgreiðslustúlkunni undir hnífsoði“, en ákærði H kvaðst hafa átt að sjá um að „ógna henni með hnífi“. K átti hins vegar sjá um að taka peningana úr sjóðsvélinni, en H að halda afgreiðslustúlkunni. Báðir voru klæddir í hettupeysu, með þrjónahúfu og dökk sólgleraugu. Þeir kváðust hafa farið í bifreiðina að nýju eftir langa bið og dvalist þar stutta stund, þar sem ekki gafst færi á að ráðast til atlögu, en haldið svo aftur að búðinni. Þá hafi verið búíð að hafa vaktaskipti og eldri kona verið komin á vakt. Um kl. 23.30 hafi þeir ráðist til atlögu og sett hettuna á peysunum fyrir andlit sér. Konan hafi verið ein inni í versluninni, innst við mjólkurkæli.

Við rannsókn málsins er haft eftir ákærða K, að þá hafi H hlaupið beint að konunni með hnífinn á lofti og sagt við hana, að um rán væri að ræða.

Ákærði dró í land með þessi ummæli við yfirheyrslu fyrir dómi. Kvaðst hann aldrei hafa séð hnífinn á lofti, H hefði haldið hnífnum niðri. Hann kvaðst hafa gengið að peningakassanum, en ekki getað opnað hann og þá kallað á konuna og beðið hana að opna kassann, hvað hún hafi gert. H hafi gengið á eftir konunni og haldið á hnífnum, ekki á lofti heldur „niðri“. Við yfirheyrslu fyrir dómi í tilefni kröfu um gæsluvarðhald yfir ákærða K kvað hann H hafa „ýtt afgreiðslukonunni, en hann hefði ekki beint hnífnum að henni vegna þess, hve gömul hún var, heldur haldið honum niðri“.

Ákærði H lýsti atvikum, eftir að þeir fóru inn í verslunina, í meginatriðum við rannsókn málsins á sama veg og ákærði K. Hann kvaðst hafa þrýst konunni að mjólkurkælinum, haldið hnífnum í hægri hendi og hlaupið að konunni, gripið í öxl henni með vinstri hendi, þrýst henni upp að kælinum með þá hönd útrétta, en með hægri hönd upp við öxl og haldið hnífnum í hægri hendi þannig, að hnífsblaðið stóð upp frá þumlinum. Konan hafi byrjað að brjótast um, og hafi hann þá borið hnífinn að andliti hennar, „svo að hún hafi séð, að hann væri með hníf“ og „að um alvörurán væri að ræða“. Er ákærði K hafi kallað, að hann gæti ekki opnað peningakassann, hafi hann gengið á eftir konunni að kassanum, ýtt á eftir henni og haldið hnífnum á lofti. Þeir hafi skipað henni að opna kassann, sem hún gerði. Konan hafi svo látið þá hafa peningana, 64.000 krónur, úr kassanum og sagt eitthvað í þeim dúr, að hún gæti verið amma þeirra. Þeir hafi síðan hlaupið út með peningana. Við meðferð málsins var frásögn ákærða efnislega á sama veg, en hann kvaðst hins vegar ekki hafa ógnað konunni með hnífnum eða beint honum að henni.

Ákærðu skiptu með sér ránsfengnum, en kváðu meðákærða Eypór hafa geymt fyrir þá peningana í um sólarhring að undanskildum 6.000 krónum, sem þau eyddu strax í hass, pizzur og goddrykki, sem þau fjögur neyttu. Daginn eftir keyptu ákærðu hass fyrir afganginn af fénu. Ákærða F reykti hluta af hassinu með ákærðu ásamt fleira fólki.

Ákærða F hefur skýlaust játað þá háttsemi, sem henni er gefin að sök í þessum kafla ákæru. Hún skýrði frá þætti sínum við rannsókn málsins og fyrir dóminum á sama veg og meðákærðu H og K, bæði aðdraganda þess, að þeir fóru inn í verslunina svo og hvernig ránsfengnum var skipt og varið. Ákærða F sagði, að þau fjögur hefðu rætt um að ræna þessa verslun á heimili Eypórs á Langholtsvegi. Eypóri hafi því verið ljóst, hvað til stóð. Ákærði Eypór sagði hins vegar, að hann hefði ekki vitað, hvað til stóð, fyrr en þau komu á bílnum að versluninni. Ákærðu F og Eypór sögðu bæði, að þeim hefði verið ljóst, að ákærði H var með hníf í fórum sínum, er þeir fóru inn í verslunina í því skyni að ræna þar fé. Kvaðst ákærði Eypór hafa átt að sjá

um að opna bíldyrnar fyrir H og K, er þeir kæmu hlaupandi frá versluninni. Það hefði svo gengið eftir.

Ákærða kvaðst við rannsókn málsins hafa farið inn í verslunina á undan meðákærðu til að kanna aðstæður, en leiðrétti þann framburð fyrir dómi og kvað það hafa verið 10. október sl., sbr. IV. kafla ákæru.

Vitnið Hólmsfríður Einarasdóttir, 70 ára, var yfirheyrð við rannsókn og meðferð málsins. Hún kvaðst hafa verið ein við afgreiðslustörf í versluninni umrætt sinn. Um tíu mínútum fyrir lokun, um klukkan 11.20, hefði hún verið að undirbúa lokun. Enginn hefði verið inni að versla og hún farið innst í búðina að huga að kælum fyrir mjólk og aðrar vörur. Þegar hún kom aftur fram, hefði hún séð, að grind var þar óeðlilega framarlega á gólfinu, og ýtt henni á réttan stað, en þá allt í einu verið þrifið í hægri óxl sér föstum tókum og sér haldið þannig alveg upp að eyrum og hún þvinguð til þess að horfa út í vegg. Hún hefði fyrst talið, að þetta ætti að vera eitthvert grín, og sagt manningum að vera ekki með þessi kjánalæti, en hann þá beint hnífnum að andliti hennar. Þá fyrst hafi hún skynjað, að þeim var alvara, og sagt honum að láta ekki svona við fullorðna konu. Hann hefði þá brugðið hnífnum að hálsi henni. Við það hefði sér brugðið talsvert. Maðurinn hefði slakað að aðeins á takinu, þegar hann vísaði sér fram í búðina. Þar hefði hann sleppt sér og skipað sér að opna peningakassann. Þegar hún hefði heyrt grimmdina og frekjuna í málrómnnum, hefði sér orðið ljóst, að ekki væri um annað að ræða en opna peningakassann. Hefði hún þá séð, að annar maður var frammi í búðinni, sem beygði sig yfir kassann, en tókst ekki að opna. Hún hefði farið á bak við búðarborðið og hikað, en maðurinn með hnífinn endurtekið í sama tón: „Opna peningakassann!“ Þá hefði hún hlýtt. Annar mannanna hefði heimitað, að hún tæki upp skúffuna, en undir henni voru geymdir smápeningar. Hefði hún hlýtt því og fengið honum peningana. Mennirnir hefðu verið með hettu niður að augum og kruga brettan upp fyrir munn. Þeir hefðu tekið rúmar 60.000 krónur.

Ákærðu H og K viðurkenndu báðir við rannsókn málsins, að það hefðu verið samantekin ráð þeirra, að ákærði H ætti að ógna konunni með hnífnum, en ákærði K að taka peningana. Ákærði H kvaðst fyrir dómnum „hafa haldið hnífnum að andliti Hólmsfríðar“, áður en hann ýtti henni að afgreiðsluborðinu. Ákærði H hefur, svo sem að framan er lýst, skýlaust játað, að hann hafi beint hnífnum að konunni. Þótt ákærði K hafi dregið í land fyrir dómi og ekki kannast við þann framburð sinn, að meðákærði hafi beint hnífnum að konunni, þykir fyllilega sannað, þegar litið er til framburðar beggja ákærðu við rannsókn málsins og meðferð þess svo og trúverðugs vitnisburðar Hólmsfríðar Einarasdóttur, að ákærðu hafi gerst sekir um

alla þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í þessum kafla ákæru. Sú málsvörn ákærða K, að í háttsemi þeirra hafi ekki falist ógnun, er fráleit, jafnvel þótt svo væri talið, að ákærði H hefði ekki otað hnífnum að konunni, heldur haldið honum með síðunni. Varðar brot ákærðu H og K við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða F hefur skýlaust játað verknað þann, sem hún er ákærð fyrir, og er játning hennar í samræmi við annað það, sem fram er komið. Ákærði, Eyþór, hefur haldið því fram, að honum hafi ekki verið ljóst, að til stóð að fremja rán í versluninni, fyrr en þau komu þangað á bílnum og lögðu honum skammt frá vettvangi. Ljóst er af því, sem að framan er rakið, að ákærði, Eyþór, útvegadi borðhnífinn, sem ákærði H ógnaði Hólmsfríði með, og meðákærðu hafa öll staðhæft, að ákærði, Eyþór, hafi vitað, hvað til stóð, er um það var rætt fyrr um kvöldið á heimili hans og í bílnum á leið á vettvang. Ákærði, Eyþór, lagði þannig til vopn það, sem síðar var notað, beið álengdar, á meðan meðákærðu fóru inn í verslunina, og honum var ljóst, að annar ákærðu hugðist nota hnífinn til þess að ógna afgreiðslukonunni í því skyni að ræna hana. Hann beið ákærðu H og K í bifreiðinni og átti að opna dyr fyrir þeim, er þeir kæmu, og flýta þannig fyrir brottförinni af vettvangi. Tók hann með þessu þátt í undirbúningi verksins og liðsinnti meðákærðu bæði í orði og verki. Þá geymdi hann hluta peninganna á heimili sínu og þá hluta af andvirði þýfisins. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir fyllilega sannað, að ákærðu F og Eyþór hafa gerst sek um þá háttsemi, sem þau eru ákærð fyrir. Þykir þessi verknaður þeirra varða við 252. gr., sbr. 1. mgr. og 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákærðu hefur verið samþykkt fram komin skaðabótakrafa tryggingafélagsins Sjóvar-Almennra, að fjárhæð 62.700 krónur. Eru þau dæmd til greiðslu kröfunnar ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Við mat á refsingu ákærða, Eyþórs, verður einnig litið til þess, að þau voru undir 18 ára aldri, er þau frömdu brotin, sbr. 4. tl. 1. mgr. 70. gr. og 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Eyþór, var dæmdur 20. janúar 1997 í þrjátíu daga varðhald, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir nytjastuld og brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Hann var enn dæmdur 23. sama mánaðar fyrir sams konar brot auk ölvunar við akstur. Með þeim dómi var hann dæmdur í hegningarauka, sextíu daga varðhald, skilorðsbundið í tvö ár, auk 45.000 króna sektar og sviptur ökurétti í fjóra mánuði. Var fyrri dómur dæmdur upp með þessum dómi. Með því broti, sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 23. janúar 1997. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningar-

laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og þau brot, sem hér eru til meðferðar. Þykir refsing hans með hliðsjón af aldri hans og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Þótt þáttur ákærða í ráninu 27. september sl. sé fólgin í hlutdeildarbroti, ber hins vegar að líta til þess, að um alvarlegan verknað var að ræða, og þykir ekki koma til álita að skilorðsbinda refsingu hans, þar sem ákærði hefur að auki með broti sínu rofið skilorð.

Ákærðu eru dæmd óskipt til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur. Þá eru þau dæmd til að greiða hvert um sig málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, ákærði, Eyþór, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 60.000 krónur, --- .

Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eyþór Gunnarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði, Eyþór, greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun.
